


A	19	Ferla á fráséttum frá SB.	18.04.94	DA
		Slökkvöldun ferð	18.04.94	
NR	FJÖLDI	BREYTINGAR	DAGS	SAMP



MIDBÆR
HAFNARFJARDAR
 FJARDARGATA 13-15

ÁSKILIÐ, ELÐRI
TEIKNING ÓGILD

Skýringar
 Sjá skýringar fyrir frárennisslagnum á teikningu nr. 1032-V-101.
 Sjá skýringar og tákni á teikningu nr. 1032-V-01.
 Sjá demgjarðar sérmyndir á teikningu nr. 1032-V-03, og nr. 1032-V-04.



SKÝRINGAR FYRIR VATNSLAGNIR

Efni og frágangur

Vatnsleiðslur skal einangra eins og lýst er hér á eftir. Leiðslur að brunaslöngum þarf ekki að einangra. Setja skal tappa í endastötu á leiðslum, sem tæki verða síðar tengd við. Á einstakar endagreinar skal setja þensluhykki eða svera pípu u.þ.b. 0,5 m langa, sem deyrir þrýstihögg. Á einstakar endagreinar heitavatnslagrar skal setja stilliloka eða stillitil og hitastýrðan loka með blæðingu í frárennissli.

Leiðslur

1. **Leiðslur úr galvanhúððu stáli**
 Leiðslur skulu vera galvanhúðaðar stálpípur samkvæmt DIN 2440. Tengistykki skulu vera galvanhúðað skráfud tengistykki, samstæð pípum og samkvæmt DIN 2950. Gengjur skulu vera Whitworth pípuhengjur í samræmi við ISO R7. Þetta skal skráfud samskeyti með hampi og máki. Eftir að pípa hefur verið skorin skal rýma innan úr endanum og skrúfuskeru hann. Skrúfuskerur skal ekki vera lengri en það að ekki fleiri en þrjár gengjur verði utan við samskeyti. Hreinsa skal svarf og öllu af enda pípu og innan úr pípu fyrir samsetningu.

2. Upphengjur og festingar

Mesta fjarlægð á milli upphengja og festinga skal vera í samræmi við ÍST 67 og eins og sýnt er hér:

Nafnmál leiðslu	Láréttar leiðslur	Lóðréttar leiðslur
15-20	2,0	2,5
25-32	2,5	3,0
40-50	3,0	3,5
65-80	3,5	4,0

Setja skal festingar við loka og tæki þar sem hætta er á að óeðlileg spennan myndist í pípu næst tæki eða að tækið eða lokinn geti snúist í samsetningu.

3. Einangrun

Vatnsleiðslur skal einangra með einangrunarskálum úr steinull með ekki minni rúmpýgð en 80 kg/m³. Einangrunarskálur úr steinull skulu vera með áföstu rakavarnarlagi úr þröðstyrkri stærri alþynnu með yfirloppum langs eftir einangruninni, eða vaðar með plasti. Yfirloppuninni og öllum samskeytum á rakavarnarlagi skal loka vandlega með sterku lími eða allimbandi, sem ekki er mjórara en 50 mm. Einangradar vatnsleiðslur fyrir kalt vatn skal auk þess vefja með þröðstyrkri alþynnu eða allimbandi/plastilmbandi, sem ekki er mjórara en 50 mm. Einangradar vatnsleiðslur fyrir kalt vatn skal auk þess vefja með þröðstyrkri alþynnu/plastþynnu eða allimbandi/plastilmbandi. Breytur og tengistykki skal einangra með tilnámnum einingum, helst verkamiðjuframleiðum, sem lögð eru eins og tilheyrandi beygja eða tengistykki. Verktaki skal setja stutta báta af verkamiðjuframleiðri hertri plasteinangrun (100-250 mm langri PU "load bearing blocks") undir festingar og upphengjur á vatnsleiðslum fyrir kalt vatn. Fara skal eftir fyrirætlum framleiðanda varðandi frágang á plastbátum. Einangra skal með einangrunarskálum að þessum plastbátum og vefja skal með rakavarnarlagi að upphengjum eða festingum.

Leiðslur, sem eru minni en 25 mm í þvermál skal einangra með 20 mm þykkri einangrun. Stærri leiðslur skal einangra með 30 mm einangrun.

Leiðslur að brunaslöngum þarf ekki að einangra og einstakar greinar í milliveggjum næst hreinlætistækjum skal vefja með síslappa eða einangra með flókaslöngum.

4. Þrýstiprófun

Vatnsleiðslur skal þrýstiprófa með 1,0 MPa (10,0 kp/cm²) vatnsþrýstingi. Þrýstingur skal standa á leiðslum í a.m.k. 8 klst. án þess að falla.

Lokar og tæki

1. Lokar

Lokar á leiðslum skulu vera af viðurkenndri og vandaðri gerð (VA viðurkenning eða samberlegt). Lokar skulu vera með skrúfuskornum endum og af þrýstiflokki 1,6 MPa. Þeir skulu vera úr endingargóðri koparblöndu þ.e. sem sá sink eðlist ekki úr. Ef annað er ekki tekið fram skulu stopplokar á leiðslum vera kúlulokar.

Brunaslöngur

1. Brunaslöngur

Brunaslöngur skulu vera á kefli í stálskáp, sem festur verður á vegg eða felldur inn í vegg. Keflin og kassarinn skulu vera úr stáli með innbrenndri málningu. Brunaslöngur skulu vera 20 mm með 6 mm lokanlegum úðastút. Á vatnsleiðslu við brunaslöngur skal vera kúluloki. Lengd hverrar brunaslöngu skal vera 25 m ef annað er ekki tekið fram. Tegund brunaslöngu skal vera viðurkennd af Brunamálstofnun ríkisins.